



## 69. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn föstudaginn 13. desember 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13:30.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Mirjam Blekkenhorst, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Guðjón Ólafsson, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Soffía Gísladóttir sat fundinn í forföllum Helenu Eydísar Ingólfssdóttur.

### 1. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Lögð fram til samþykktar tillaga að Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029. Umsagnarferli um tillöguna hefur verið í gangi frá 8. nóvember og var hún til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda til 6. desember síðastliðinn og á sama tíma til umfjöllunar í sveitarstjórnnum á Norðurlandi eystra.

Alls bárust 4 umsagnir um tillöguna á Samráðsgátt stjórnvalda. Tekið hefur verið tillit til athugasemdar frá Haraldi Reinhardssyni. Fjallað hefur verið um aðrar athugasemdir, en ekki var talin ástæða til að bregðast sérstaklega við þeim.

Drögin hafa verið tekin fyrir í öllum sveitarstjórnnum innan SSNE og bárust engar athugasemdir við drögin.

*Stjórn þakkar fyrir allar þær umsagnir og ábendingar sem bárust. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leiti og vísar henni til aukapings SSNE til endanlegrar staðfestingar.*

### 2. Rafrænt aukaping SSNE vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Lagt er til að boðað verði til rafræns aukapings SSNE þriðjudaginn 7. janúar 2025 kl. 14. Á dagskrá yrði tillaga að Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2024-2029.

*Stjórn samþykkir að boða til rafræns aukapings og felur framkvæmdastjóra að boða senda út fundarboð.*

### 3. Samningur Ferðamálastofu og SSNE vegna reksturs Markaðsstofu Norðurlands

Lögð fram til samþykktar drög að þriggja ára samningi við Ferðamálastofu vegna reksturs Markaðsstofu Norðurlands.

*Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leiti og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann fyrir hönd SSNE.*

#### **4. Önnur mál**

a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.*

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem efst hefur verið á baugi í starfi samtakanna frá síðasta stjórnarfundum.

*Fundi slitið kl. 14:10.*